

Mál nr. 51/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf M dags 4. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V dags. 27. febrúar 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 29. ágúst 2024, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 30. ágúst 2024, hafi atvik verið þau að vinna hafi staðið yfir við strekkingar á vírum í bitasteypu á miðjubekk í plötusal. Hafi starfsmaður verið að færa tjakk á milli víra, heyrt eitthvað hljóð og þá stokkið niður á filigranborð og skoðað undir borðið. Hafi þá festingar á hinum endanum gefið sig og allir vírarnir nema tveir skotist úr lásnum. Hafi M fengið víra í kvið sinn og mjöðm. Krefst M bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfu sína á því að bekkurinn sem hélt vírunum hafi verið vanbúinn, ekki uppfyllt almennar öryggiskröfur og slysaætta hafi fylgt notkun hans. Hafi X brugðist skyldum sínum samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim með því að ganga ekki úr skugga um að bekkurinn og þær festingar sem héldu vírunum væru örugg. Hafi X borið að tryggja að engum stafaði hætta af notkun umrædds búnaðar og vanræksla þeirrar skyldu hafi leitt til líkamstjóns M. Jafnframt megi að hluta til rekja orsök slyssins til þess að X hafi vanrækt að gera fullnægjandi skriflega áætlun um verklag við umrædda vinnu. Hefði fullnægjandi áætlun legið fyrir hefði X getað gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys sem þessi. Er vísað til eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins í þessu samhengi en þar hafi komið fram kröfur um úrbætur á vinnuumhverfi starfsfólks X, um endurskoðun skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði og að áhættumat skuli liggja fyrir. Framangreindu til stuðnings er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim. Er einnig vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 494/2019 en þar komi m.a. fram að markmið áhættumats, en skylda til gerðar þess hvíli á herðum atvinnurekanda, sé að greina hvaða hættur fylgi tilteknum verkþáttum og mæla skýrlega fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum. Með gerð áhættumats skapist því tækifæri til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi og draga úr slysaættu. Sé af öllu framangreindu ljóst að slys M megi rekja til vanbúnaðar, hættulegra vinnuaðstæðna og skorts á áhættumati.

Gerir M þá athugasemdir við röksemdafærslu V í höfnunarbréfi þess dags 24. janúar 2025. Þar haldi V því fram að vírarnir hafi gefið sig vegna málmpreytu og hafi X látið yfirfara búnaðinn tveimur mánuðum fyrir slysið. M geti ekki fallist á þau rök enda hafi sú yfirferð þá ekki verið framkvæmd betur en svo að málmpreyta yfirsást við hana. Hafi þá verið um málmpreytu að ræða hafi tækið verið vanbúið, sem hafi leitt til slyssins. Vinnuaðstæður þar sem vírar skjótist í starfsmenn verði að teljast ófullnægjandi og hafi X verið skylt að tryggja að starfsfólki stafaði ekki hætta af því að vinna umrætt verk. Jafnframt byggir V höfnun sína á því að X hafi framkvæmt áhættugreiningar fyrir öll störf innan fyrirtækisins og verklagi við strekkingar hafi verið fylgt til samræmis við vinnuhandbók frá árinu 2019. Hvað þetta varði vísar M til fyrirmæla Vinnueftirlitsins í áður nefndri eftirlitsskýrslu um að X skuli endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem eigi við um umrætt verk. Er enn fremur vísað til þess að M hafi verið að framkvæma umrætt verk í fyrsta skipti og án leiðsagnar. Það eitt og sér gefi til kynna að aðstæður hafi ekki verið fullnægjandi.

Í seinna bréfi sínu til nefndarinnar vísar M til úrbótaáætlunar X en með henni sé sýnt fram á að vinnuaðstæður á slysdegi hafi verið ófullnægjandi og hafi hún verið unnin eftir slys M í þeim tilgangi að tryggja að slysið endurtæki sig ekki.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að bekkurinn sem notaður var við verkið hafi verið settur upp tveimur mánuðum fyrir slysið og hafi hann þá verið yfirfarinn. Einu breytingarnar sem þá hafi verið gerðar hafi þjónað þeim tilgangi að auka öryggi en bekkurinn hafi verið settur upp af viðurkenndum

verktökum og suðumönnum. V hafni því alfarið að búnaður til verksins hafi verið vanbúinn. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi festing til að strekkja vírana losnað þar sem suða gaf sig vegna málmþreytu. Það sem fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins séu þá aðeins almenn og leiðbeinandi fyrirmæli en engum sérstökum tilmælum um úrbætur sé beint til X. Þá hafi áhættumat legið fyrir á slysdegi og þjálfun starfsmanna hafi verið fyrir hendi. V geti ekki fallist á að X hafi sýnt af sér vanrækslu þar sem bekkurinn hafi verið nýlega yfirfarinn og X hafi þar af leiðandi ekki verið meðvitað um að vírar gætu losnað sökum málmþreytu. Hafi X þvert á móti mátt gera ráð fyrir því að ástand bekkisins hafi verið fullnægjandi. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 57/2003 og dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4296/2020 máli sínu til stuðnings. Úrbótaáætlun X, sem M hafi lagt fram með málskoti sínu, staðfesti þá ekki að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi á slysdegi. Í úrbótaáætluninni sé hvergi fjallað um strekkingarbúnaðinn eða breytingu á verklagi hvað hann varðar. Sé það þá af og frá að það verði metið vinnuveitendum til sakar að bæta aðbúnað enda geti gott lengi batnað. Slys M verði samkvæmt framasögðu ekki rakið til saknæmrar háttsemi X og þar af leiðandi sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

M byggir í fyrsta lagi á því að þar sem festingar þær sé héldu vírunum hafi verið vanbúnar, enda hafi vírarnir losnað frá og valdið líkamstjóni M. Jafnvel þó vírarnir hafi losnað vegna málmþreytu sé um vanbúnað að ræða og hefði málmþreytunnar átt að verða vart við hefðbundið eftirlit. Fyrir nefndinni liggja engin gögn er sýni fram á hvað nákvæmlega varð þess valdandi að umræddir vírar losnuðu með þeim afleiðingum að þeir skutust í M og ollu líkamstjóni hans. Það verður t.a.m. ekki ráðið af fyrirliggjandi skýrslu um skoðun Vinnueftirlitsins dags. 30. ágúst 2024 en þar kemur aðeins fram að suður á búnaði hafi gefið sig. Hafi, eins og X heldur fram, verið um málmþreytu að ræða, hefur M þá ekki sýnt fram á að hennar hefði átt að verða vart við yfirferð á bekknum tveimur mánuðum fyrir slysið. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að bekkurinn hafi að öðru leyti verið í andstöðu við öryggiskröfur eða að X hafi verið eða mátt vera kunnugt um að hætta væri á að festingarnar gæfu sig eða að eftirliti þess með búnaðinum hafi verið ábótavant. Af sönnunarskorti varðandi framangreint verður M að bera hallann og er því ekki sýnt fram á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða.

Í öðru lagi er byggt á því að fullnægjandi áhættumat og áætlanir um forvarnir verkpátta hafi ekki legið fyrir og er vísað til ummæla í skýrslu Vinnueftirlitsins því til stuðnings. Í skýrslunni kemur fram að ef fullnægjandi áhættumat og áætlun um forvarnir liggi ekki fyrir séu auknar líkur á slysum og heilsutjóni starfsfólks. Eru þá gefin fyrirmæli um að endurskoða skuli þá þætti skriflegrar áætlunar X um öryggi og heilbrigði sem eigi við um slysið. Eru þá settar fram almennar leiðbeiningar um gerð slíkrar áætlunar. Ætla má að umrædd fyrirmæli hafi verið sett fram til samræmis við 30. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum en þar segir m.a. að þegar vinnuslys verði skuli endurskoða þá þætti áætlunar um öryggi og heilbrigði sem eigi við. Í ljósi þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja og þess að skylda til endurskoðunar áætlunar um öryggi og heilbrigði er alltaf til staðar í kjölfar vinnuslyss verður sú ályktun ekki dregin af orðalagi skýrslunnar að áætlun um öryggi og heilbrigði hafi í sjálfu sér verið ófullnægjandi á slysdegi. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir